Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Ágæti samstarfsaðili

Meðfylgjandi er ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2022 sem kom út á aðalfundi félagsins sem haldinn var 25. apríl síðastliðinn.

Í ársskýrslunni er öflugu starfi félagsins á síðasta ári gerð skil í máli og myndum. Gróðursettar voru ríflega 170.000 trjáplöntur, unnið var að innviðauppbyggingu í Heiðmörk og Esjuhlíðum, fjölmargir viðburðir voru haldnir og unnin var ný stefnumótun fyrir félagið. Á árinu var félagið formlega skráð almannaheillafélag en starf þess hefur frá stofnun árið 1901 verið byggt upp af sjálfboðaliðastarfi.

Samstarf við fjölmarga aðila, félagsamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga er Skógræktarfélagi Reykjavíkur mikilvægt. Með því að senda ársskýrsluna vill félagið sýna þakklætisvott og vekja athygli á því öfluga starfi sem samstarfið gerir mögulegt.

Ársskýrslan er einnig aðgengileg á heimaíðunni www.heidmork.is ásamt ársskýrslum allt aftur til ársins 2004.

Með góðri kveðju,

Auður Kjartansdóttir
Framkvæmdatstjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur